

ÚRVALSBÚÐIR KKÍ 2020



Reykjavík, 4. júní 2020

Kæri leikmaður.

Það gleður okkur að tilkynna þér að þú hefur verið tilnefndur af þínum þjálfara og félagi í úrvalshóp þíns árgangs og til að taka þátt í Úrvalsbúðum KKÍ í ár.

KKÍ mun standa fyrir æfingabúðum fyrir úrvalshópa hvers árgangs líkt og gert hefur verið undanfarin ár og skilað góðum árangri. Úrvalshóparnir, sem eru undanfari yngri landsliða Íslands, munu æfa undir leiðsögn reyndra þjálfara ásamt vel völdum gestaþjálfurum og fara yfir ýmis tækniatriði á stöðvaræfingum. Þar verður meðal annars farið yfir og æfð atriði eins og skottækni, sendingar, boltameðferð og sóknarhreyfingar.

Í sumar stendur KKÍ fyrir æfingabúðum fyrir drengi og stúlkur sem fædd eru árin 2007, 2008 og 2009.

Æfingabúðirnar verða haldnar eina helgi nú í sumar og fara þær fram laugardaginn og sunnudaginn **15.-16. ágúst** í Dalhúsum í Grafarvogi (Íþróttahúsi Fjölnis).

ATHUGIÐ: Sá fyrirvari er settur á boðið í búðirnar að þær fara eingöngu fram á settum tíma í ágúst ef allt verður í lagi áfram í þjóðfélaginu og þær leyfðar af hálfu yfirvalda sóttvarna og annara aðila vegna COVID-19 faraldursins.

Dagskráin er eftirfarandi í sumar:

Drengir f. 2009	kl. 09.00 - 11.00	Æfing laugardag og sunnudag
Drengir f. 2008	kl. 11.30 - 13.30	Æfing laugardag og sunnudag
Drengir f. 2007	kl. 13.30 - 14.30	Fyrirlestur á laugardeginum
+		
Drengir f. 2007	kl. 14.30 - 16.30	Æfing laugardag og sunnudag

Þátttökugjald fyrir hvern leikmann í Úrvalsbúðum er 5.000 kr.

Hægt er að greiða á staðnum á fyrstu æfingu hjá fulltrúa KKÍ með korti eða peningum.

Foreldrar eru beðnir um að skrá og staðfesta mætingu inni á www.kki.is/urvalsbudir til að halda utan um mætingu og netföng foreldra og þá er hægt að senda skilaboð ef þarf um breytingar eða annað fram að æfingabúðunum.

Fyrir hönd KKÍ,

Hannes S. Jónsson
Formaður KKÍ

Herbert S. Arnarson
Formaður Afreksnefndar KKÍ

Ingi Þór Steinþórsson
Yfirþjálfari Úrvalsbúða drengja